

Mál nr. 16/2008
M) og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á mótum Strandgötu og Suðurbrautar í Hafnarfirði þ. 8.11.2007

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 1.2.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 967/07
3. Tjónaskýrsla dags. 8.11.2007
4. Bréf V-1 dags. 25.2.2008
5. Bréf V-2 dags. 11.2.2008

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á mótum Strandgötu og Suðurbrautar í Hafnarfirði. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er merkt við reit 1 fyrir bifreið B, var lagt/kyrrstæður. Ökumaður A segir að báðar bifreiðarnar hafi verið kyrrstæðar á götuljósum en þegar götuljós sýndu grænt hafi báðar ekið af stað og beygt til vinstri og hafi B ekið fram fyrir A og lent á hægra framhorni A. Ökumaður B segir að B hafi verið kyrrstætt og hafi ökumaður A tekið fram úr kyrrstæðum bifreiðum fyrir aftan og hafi A ekið á B á aftari dekk og felgu vinstra megin.

Álit.

Samkvæmt sameiginlegri tjónstilkynningu segir að bifreið B hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Ökumaður B heldur því fram að þannig hafi það verið en ökumaður A segir í lýsingu á árekstrinum að báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð. Við mat á sök og sakarskiptingu verður að taka tillit til þess sem báðir ökumenn eru sammála um við útfyllingu tjónstilkynningar og verður því öll sök felld á A sem ók á B kyrrstæða skv framhlið tjónstilkynningar.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 11.3. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.